

## L Ö G

52  
19. maí

um

breyting á lögum nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum,  
nr. 43, 20. júní 1923.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr  
rikissjóði, allt að kr. 0,50 á hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri  
upphæð en 500 kr.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að veggir hlöðunnar séu gerðir úr  
steinsteypu eða steinlimdir, og þak úr bárujárni (og timbri) eða steinsteypu.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 100 hesta heys.  
Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á umræddum hlöðum og  
ákveður, hvernig þær skuli lagðar í dagsverk.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*